

SAMÞYKKT

181

30. des.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 75 29. ágúst 1931.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir teljast þessir:

1. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
2. Frá Gjögnum um Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kollsvík að Breiðuvík.
3. Frá Sveinseyri í Tálknafirði að Sellátrum.
4. Frá Stóra-Laugardal um Fagradal og Fífustaðadal (Kolmúladal) á sýsluveg Ketildalahrepps.
5. Frá staðnum í Selárdal um Ketildalahrepp að Bakka.
6. Frá Fossi í Suðurfjarðahreppi að Trostansfirði.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykktir nr. 34 2. marz 1943 og nr. 161 10. des. 1946, um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

182

31. des.

staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

36. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Sauðárkróks, Sauðárkróki. Varnarþing: Sauðárkróki. Staðfest 3. desember 1948.
37. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Reykjavíkurbæjar, Reykjavík. Varnarþing: Reykjavík. Staðfest 6. desember 1948.
38. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag bankamanna í Reykjavík. Varnarþing: Reykjavík. Staðfest 22. desember 1948.
39. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Selfoss, Selfossi. Varnarþing: Selfossi. Staðfest 23. desember 1948.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.